



53. ársþing Judosambands Íslands

Haldið í B+C sal Íþróttamiðstöðvarinnar í Laugardal

Sunnudaginn 3. nóvember 2024 kl. 11:00

1. Þingsetning.

Jóhann Másson formaður JSÍ setur þing. Þýður gesti velkomna á 53 þing JSÍ.

Fer í stuttu máli yfir s.l ár sem hefur verið óvenjulegur tími og aðstæður orðið þannig að mannbreytingar hafa verið í stjórn

2. Kosin kjörbréfanefnd.

Stjórn tilnefni Jón Hlíðar Guðjónsson, Garðar Skaptason og Gunnar Jóhannesson til kjörbréfanefndar og voru þeir samþykktir og tók nefndin strax til starfa. Þegar lið 6. var lokið kynnti Garðar Skaptason fyrir hönd kjörbréfanefndar niðurstöðu hennar sem gerir engar athugasemdir við kjörbrefin. Fyrir liggur að á þessu þingi eru 19 fulltrúar og allir mættir.

3. Kosnir fastir starfsmenn þingsins.

Gerð tillaga um að Valdimar Leo Friðriksson verði þingforseti og Eyjólfur Orri Sverrisson verði fundarritari. Tillaga samþykkt, og tekur þingforseti við. Þingforseti lagði til að farið yrði strax í lið 5. og 6. á meðan kjörbréfanefndin starfar þar sem ekki er hægt að kjósa í fastar nefndir fyrr en hún hefur lokið störfum og ljóst er hverjir eru þingfulltrúar. Það var gert og eftir að fráfarandi stjórn hafði gefið skýrslu og reikningar lagðir fram og samþykktir kynnti kjörbréfanefnd niðurstöðu sína og þá var farið í lið 4. og kosið í fastar nefndir og síðan í lið 7.

4. Kosnar fastar nefndir.

Stjórn gerir tillögu að eftirtalinni nefndarskipan:

a) **Fjárhagsnefnd:** Birgir Sigursteinsson, Ásgeir Ásgeirsson og Gunnar Jóhannesson. Tillaga samþykkt.

b) **Laga- og leikreglanefnd:** Bjarni Ásgeir Friðriksson, Gísli F. Egilson og Sigmundur Magnússon. Tillaga samþykkt.

c) **Allsherjarnefnd:** Jón Hlíðar Guðjónsson, Bergur Pálsson og Grétar Karlsson. Tillagan samþykkt.

5. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.

Jóhann Másson fer yfir störfin á liðnu ári. Sjá nánar í ársskýrslu JSÍ 2023, 53. Ársþing Judosambands Íslands, sem dreift var á fundinum og birt er á vef JSÍ.

Jóhann Másson þakkar Runólfi Gunnlaugssyni, Bjarna Friðrikssyni og Gísla Egilssyni fyrir þeirra störf á liðnu þingi. Þá var einnig farið yfir „DAN“ gráðanir og heiðranir á liðnu ári meðal annara mála.



Þá þakkaði Jóhann Mátsson fyrir sig sem fráfarandi formaður JSÍ, en hann tilkynnti að hann gæfi ekki frekari kost á setu sinni vegna veikinda.

6. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga JSÍ til samþykktar.

Runólfur Gunnlaugsson skoðunarmaður reikninga JSÍ leggur fram og kynnir ársreikning, sjá lið 9. Í skýrslu stjórnar. Reikningar samþykktir samhljóða.

7. Stjórn JSÍ leggur fram tillögu að fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.

Jóhann Mátsson Formaður kynnir fjárhagsáætlun fyrir komandi þing. Áætlun vísað til Fjárhagsnefndar sem þingskjal 13.

Hér undir þessum lið að lokinni kynningu Jóhanns að fjárhagsáætlun tók Kári Mímísson, formaður Íþróttamannanefndar ÍSÍ tók til máls. Hann þakkaði Jóhanni Mátssyni fyrir farsæl störf og samvinnu í rúman áratug en hann hefur verið formaður JSÍ frá 2013 og sæmndi gullmerki ÍSÍ.

8. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar sem fram hafa komið.

Þingforseti les upp tillögur sem borist höfðu en alls voru þær tólf merkt þingskjöl 1-12. Tvær þeirra þingskjöl 4. og 9. voru dregnar til baka en öðrum vísað til Laga og leikreglnanefndar. Fjárhagsáætlun stjórnar JSÍ merkt þingskjal 13. var vísað til Fjárhagsnefndar.

Þingskjölin eru:

Þingskjal 1. Judofélag Garðabæjar leggur fram eftirfarandi tillögu varðandi 10. gr laga JSÍ: „Lagt er til að farið verði úr 7 manna stjórn og þrjú varamenn í fimm manna stjórn og tvo varamenn þannig að grein 10 breytist eins og hér að neðan, sjá bold undirstrikað.“

Þingskjal 2. Judodeild KA leggur fram eftirfarandi tillögu varðandi 10 gr. Laga JSÍ: „Lagt er til að fulltrúaskipan á Judopingi taki mið af fjölda iðkenda í stað keppenda.“

Þingskjal 3. Tækniráð JSÍ leggur fram eftirfarandi tillögu varðandi gráðureglur JSÍ: Lagt er til að bætt verði eftirfarandi (**bold undirstrikað**) í gr. 1.2“

Þingskjal 4. Tækniráð JSÍ leggur fram eftirfarandi tillögu varðandi gráðureglur JSÍ: „Lagt er til að texti í grein 2.2 falli allur út og verði endurskrifaður sem hér segir. (**bold undirstrikað**)

Þingskjal 5. Tækniráð JSÍ leggur fram eftirfarandi tillögu varðandi gráðureglur JSÍ: Lagt er til að bætt verði við í gráðuverkefnum fyrir 3. Kyu, 2. Kyu og 1. Kyu verkefnum úr Nage no kata sem hér segir í greinar 2.5, 2.6 og 2.7 (**bold undirstrikað**)



Þingskjal 6. Tækniráð JSÍ leggur fram eftirfarandi tillögu varðandi gráðureglur JSÍ: Lagt er til að grein 3.1 skilyrði I verði felld úr gildi og endurskrifuð sem hér segir:

Þingskjal 7. Tækniráð JSÍ leggur fram eftirfarandi tillögu varðandi gráðureglur JSÍ: lagt er til eftirfarandi breytingar á gr. 3.1 skilyrði II. (**bold undirstrikað er nýtt**)

Þingskjal 8. Tækniráð JSÍ leggur fram eftirfarandi tillögu varðandi gráðureglur JSÍ: Lagt er til að gr. 1.10 breytist sem hér segir (**bold/undirstrikað**)

Þingskjal 9. Judofélag Reykjanesbæjar, Judodeild Tindastóls, Judodeild UMFS og Judodeild UMFG leggja fram eftirfarandi tillögu varðandi 5. gr. Laga JSÍ:

Þingskjal 10. Judofélag Reykjanesbæjar, Judodeild Tindastóls, Judodeild UMFS og Judodeild UMFG leggja fram eftirfarandi tillögu varðandi 5. gr. Laga JSÍ: Lögð er til viðbót við 5. gr. Laga JSÍ.

Þingskjal 11. Judofélag Reykjanesbæjar, Judodeild Tindastóls, Judodeild UMFS og Judodeild UMFG leggja fram eftirfarandi tillögu varðandi gráðureglur JSÍ: Lagt er til að eftirfarandi verði breytt í gr. 2.2

Þingskjal 12. Judofélag Reykjanesbæjar, Judodeild Tindastóls, Judodeild UMFS og Judodeild UMFG leggja fram eftirfarandi tillögu varðandi 10. gr. Laga JSÍ: Lagt er til að hömlur séu settar á framboð til stjórnar og stjórnarsetu JSÍ

Þingskjal 13. Fjárhagsáætlun sett fram sem þingskjal 13. Gunnar Jóhannesson gerði fyrirspurn um launakosnað, almenn umræða.

Þingforseti gerir þinghlé frá 11:50 til 12:35. Nefndir taka til starfa.

Þing hefst að nýju eftir þinghlé.

9. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.

Engar athugasemdir eru gerðar á tillögum frá viðeigandi nefndum og tillögur því bornar fram til atkvæðagreiðslu.

Þingskjal 1. Hafnað, 11 með, 6 á móti, en 2/3 hluta atkvæða þurfti.

Þingskjal 2. Hafnað, 8 með, 11 á móti.

Þingskjal 3. Samþykkt, 12 með, 2 á móti.

Þingskjal 4. Dregið tilbaka.

Þingskjal 5. Samþykkt, 19 með, 0 á móti.



Þingskjal 6. Breytingatillaga var borin upp, bæta við U18. Felld, **3 með 10 móti.**
Tillaga því samþykkt óbreytt, 14 með, 0 á móti.

Þingskjal 7. Samþykkt, 12 með, 4 á móti.

Þingskjal 8. Samþykkt, 12 með, 3 á móti.

Þingskjal 9. Dregin tilbaka þar sem tillaga er eins/svipuð og þingskjal 2.

Þingskjal 10. Hafnað, 7 með, 11 á móti.

Þingskjal 11. Hafnað, 7 með, 11 á móti.

Þingskjal 12. Hafnað, 6 með, 11 á móti.

Þingskjal 13. Fjárhagsáætlun samþykkt einróma með 19 atkvæðum.

10. Kjör heiðursformanns.

Frá stjórn JSÍ kom tillaga um Jóhann Músson yrði kjörinn heiðursformaður JSÍ og var hún samþykkt einróma með lófataki af öllum fundargestum.

11. Önnur mál.

Þingforseti ber upp dagskrárlið og gefur orðið laust.

Birgir Sigursteinsson tekur til máls um 12. gr Móta og leikreglna JSÍ, bendir á vandkvæði hvað umrætt varðar fyrir þá sem koma langt að, alltaf sé vigtað í JR.

Bjarni F bendir á að venjan sé að vigta daginn áður (alltaf á ÍM sen og RIG) en einnig oftast boðið uppá það að vigta sig á keppnisdegi á keppnisstað en það er ákvörðun skipuleggjanda og er það hugsað fyrir þá sem lengra þurfa að ferðast og þá er venjulega gefið 1. kg tollerans. Fyrir utan þrjú mót þá eru öll hin haldin í Reykjavík og er JR eini staðurinn sem hefur sauna fyrir þá sem á því þurfa að halda til að létta sig. Garðar S bendir einnig á alþjóðlegar reglur til hliðsjónar og Halldór G bendir á að hægt sé vigta sama dag og draga 1 kg frá. Sigmundur M bendir á að þetta sé stjórnarmál, og leggur til að stjórn skoði málið. Birgir mælir með að skoða mál betur. Þormóður bendir á að vigta daginn fyrir mót sé betra fyrir keppendur, þá koma þeir betur fyrir kallaðir en rannsóknir sýna það hvað varða góða næringu. Grétar vill nýta fjarfundarbúnað betur og vigta í mynd. Umræða um persónuvernd en oft eru aðstæður þannig að illmögulegt sé að nota þá aðferð. Birgir bendir á að hugbúnaður sem notaður er til mótaskráninga þurfi endurnýjun og vill skoða fleiri forrit. Bjarni F bendir á að auðvelt sé að hringja inn ef breytingar þurfi skráningu. Birgir bendir á að fundargerðir stjórnar JSÍ séu opnaðar, allavega fyrir formenn félaga. Gísli F er sammála og ætlar að skoða málið.



Sigmundur leggur til að allavega tvisvar á ári verði opin fundur sem formenn félaga geta sótt, þar sem almenn umræða verði tekin fyrir.

lura opnar umræðu um dómaramál og þá sem mótmæla dómum og vill að þeim sé refsað með einhverjum hætti eins og erlendis og nefnir eitthvað dæmi hjá IJF. Vill að dómaranefnd taki þetta til athugunar.

Ægir bendir á að þetta eigi heima hjá aganefnd.

Þingforseti tekur orðið en engin fleiri mál voru borin upp.

12. Kosnir 3 menn í aganefnd og 3 til vara.

Stjórn JSÍ gerir tillögu að eftirtöldum aðalmönnum í aganefnd.

- Teitur Sveinsson
- Jón Egilsson
- Víkingur Víkingsson

Ekki gerðar aðrar tillögur að aðalmönnum í aganefnd og hlutu þeir kosningu.

Aðalmenn eru því: Teitur Sveinsson, Jón Egilsson, Víkingur Víkingsson

Stjórn gerir tillögu að eftirtöldum varamönnum í aganefnd.

- Tryggvi Gunnarsson
- Daníel Reynisson
- Halldór Sveinsson

Ekki gerðar aðrar tillögur að varamönnum í aganefnd og hlutu þeir kosningu.

Varamenn eru því: Tryggvi Gunnarsson, Daníel Reynisson og Halldór Sveinsson

13. Kosning stjórnar, varamanna í stjórn og skoðunarmanna

Þar sem Jóhann Másson formaður varð að draga sig í hlé vegna veikinda en hann var kosinn til vors 2025 þá varð að kjósa mann í hans stað til vors 2025. Gísli F. Egilsson var einn í framboði til formanns og kjörinn með lófataki.

Þá var kosin stjórnarmaður fram að næsta þingi í stað Ara Sigfússonar sem hafði hætt og var Daníela Rut Daníelsdóttir kosinn í hans stað.

Þá var kosið um 4 sæti í stjórn fyrir tímabilið 2024-2026 en eftirfarandi fimm aðilar gáfu kost á sér og fór kosningin sem hér segir :

Sigmundur Magnússon (KA)	19 atkvæði
Aleksandra Lis (ÍR)	18 atkvæði
Ægir Valsson (JR)	16 atkvæði
Björn Hjaltested Gunnarsson (JR)	13 atkvæði
Ásbjörn Blöndal (UMFS)	10 atkvæði



Kjörnir aðalmenn í stjórn eru því: Gísli F. Egilson formaður, Sigmundur Magnússon, Aleksandra Lis, Ægir Valsson og Björn Hjaltested Gunnarsson.

Aðrir í stjórn til vors 2025 eru Ásgeir Ásgeirsson og Daníela Rut Daníelsdóttir í stað Ara Sigfússonar.

Kosning um 3 varamenn í stjórn JSÍ

Stjórn JSÍ leggur til að varastjórn verði skipuð eftirtöldum aðilum og hlutu þeir kosningu:

1. vm. Logi Haraldsson (JR)
2. vm. Eyjólfur Orri Sverrisson (JR)
3. vm. Ásbjörn Blöndal (UMFS)

1.varamaður er því Logi Haraldsson (JR). 2. varamaður er Eyjólfur Orri Sverrisson (JR) og 3. varamaður er Ásbjörn Blöndal (UMFS)

Skoðunarmenn reikninga.

Runólfur Gunnlaugsson er sjálfkjörinn skoðunarmaður reikninga og Gísli Jón Magnússon sjálfkjörinn varamaður.

14. Þingslit

Gísli F. Egilson nýkjörinn formaður JSÍ þakkaði fundarmönnum fyrir komuna og sleit þingi um kl. 13:30

Sjá nánar töflur yfir stjórnar- og nefndarmenn á öftustu síðu.



Tafla 1. Nöfn og kjörtímabil aðalstjórnarmanna JSÍ.

Aðalstjórn (skiptir með sér verkum á fyrsta fundi)			
Nafn	Hlutverk	Kjörinn frá	Kjörinn til
Gísli F. Egilson	Formaður	2024	2025
Ásgeir Ásgeirsson	Meðstjórnandi	2023	2025
Daníela Rut Daníelsdóttir	Meðstjórnandi	2024	2025
Aleksandra Lis	Meðstjórnandi	2024	2026
Björn Hjaltested Gunnarsson	Meðstjórnandi	2024	2026
Sigmundur Magnússon	Meðstjórnandi	2024	2026
Ægir Valsson	Meðstjórnandi	2024	2026

Tafla 2. Nöfn varastjórnarmanna JSÍ 2023-2024

Varastjórn			
Nafn	Hlutverk	Kjörinn frá	Kjörinn til
Logi Haraldsson	1.varamaður	2024	2025
Eyjólfur Orri Sverrisson	2.varamaður	2024	2025
Ásbjörn Blöndal	3.varamaður	2024	2025

Tafla 3. Skipan aganefndar 2023-2024

Aganefnd			
Nafn	Hlutverk	Kjörinn frá	Kjörinn til
Jón Egilsson	Aðalmaður	2024	2025
Teitur Sveinsson	Formaður	2024	2025
Víkingur Víkingsson	Aðalmaður	2024	2025
Tryggvi Gunnarsson	Varamaður	2024	2025
Daníel Reynisson	Varamaður	2024	2025
Halldór Sveinsson	Varamaður	2024	2025

Tafla 4. Skoðunarmenn reikninga 2023-2024

Skoðunarmenn reikninga			
Nafn	Hlutverk	Kjörinn frá	Kjörinn til
Runólfur Gunnlaugsson	Skoðunarmaður	2024	2025
Gísli Jón Magnússon	Varaskoðunarm.	2024	2025